

Efnahagsyfirlit VR er gefið út í tengslum við mánaðarlega stjórnarfundir félagsins. Yfirlitið er samantekt á hagtölum og öðru efni sem tengist vinnumarkaðs- og kjaramálum og er tilgangurinn að upplýsa og fræða félagsmenn um stöðu þjóðhagsmála hverju sinni.

Efni yfirlitsins að þessu sinni er:


1. Þróun launa á Íslandi og landsframleiðsla
2. Neysla ferðamanna
3. Eru Íslendingar að endurtaka 2007?
4. Félagsmenn með erlent ríkisfang

HAGTÖLUR VR	
Meðalheildarlaun VR í júní 2017	565.200 kr.
Launavísitala VR, breyting seinustu 12 mánuði	6,2%
Kaupmáttarvísitala VR, breyting seinustu 12 mánuði	4,9%
Atvinnuleysi félagsmanna VR í júní 2017	1,9%
Fjöldi félagsmanna VR í júní 2017	35.694

1. Þróun launa á Íslandi og landsframleiðsla

Laun á Íslandi hafa hækkað nokkuð seinustu árin og telja margir að þau hafi hækkað of mikið. Því til stuðnings er þróun meðallauna á Íslandi borin saman við þróun meðallauna annarra landa. Það er rétt að meðallaun á Íslandi hafa hækkað nokkuð meira en meðallaun annarra landa undanfarin ár. En í þessum samanburði er sjaldan tekið tillit til samsetningar atvinnulífsins eða hagvaxtar. Sé hagvöxtur á Íslandi meiri en hagvöxtur annarra landa er ekkert óeðlilegt við það að laun á Íslandi hækki meira en í öðrum löndum. Mynd 1 sýnir hlutfall heildarlauna og landsframleiðslu á Íslandi. Frá 1997 hækkaði hlutfallið nokkuð jafnt fram til 2007 en lækkaði þá töluvert og náði sínu lægsta gildi, frá árinu 1997, árið 2009. Næstu sjö árin hækkaði hlutfall launa af landsframleiðslu og er nú við langtímameðaltal. Frá 2012 hefur hlutfallið verið í kringum langtímameðaltal og haldist nokkuð stöðugt. Það er því ljóst að þrátt fyrir að laun á Íslandi hafi hækkað nokkuð umfram laun erlendis hafa þau aðeins hækkað í takt við þá verðmætasköpun sem hefur átt sér stað hér á landi undanfarin ár.

Mynd 1 – Laun og launatengd gjöld sem hlutfall af landsframleiðslu




Heimild: Hagstofa Íslands og útreikningar VR

2. Neysla ferðamanna

Fjöldi erlendra ferðamanna hefur aukist gríðarlega seinustu árin. Ein af birtingarmyndum mikillar fjölgunar ferðamanna er mikil aukning í erlendri kortaveltu, þ.e. notkun erlendra debet- og kreditkorta á Íslandi. Það hefur lengi verið markmiðið að draga efnameiri ferðamenn til landsins, þ.e. ferðamenn sem eyða meiru. Mynd X sýnir kortaveltu á hvern ferðamann auk gengis íslensku krónunnar. Það er ekki að sjá að neysla ferðamanna hafi aukist mikið eftir að Ísland varð ferðamannaland í kringum 2012. Nokkur aukning var í neyslu á hvern ferðamann á fyrri helmingi árs 2016 sem síðan dróst saman. Krónan hefur styrkst nokkuð mikið frá upphafi árs 2015 líkt og appelsínugul línán sýnir. Sú hækkun virðist enn ekki hafa haft veruleg áhrif á meðalneyslu erlendra ferðamanna samkvæmt tölum um kortaveltu.

Mynd 2 – Neysla erlendra ferðamanna og gengi krónunnar



3. Eru Íslendingar að endurtaka 2007?

Nokkur uppsveifla hefur verið í íslensku efnahagslífi seinustu árin. Vegna góðs gengis eru farnar að heyrast raddir um að nú sé toppnum náð og 2007 sé að endurtaka sig. Í því samhengi er forvitnilegt að bera saman stöðuna í efnahagslífinu á fyrri helmingi árs 2007 við fyrri helming árs 2017. Það sem hafði mikil áhrif á stöðu efnahagslífsins árið 2007 var gífurleg skuldsetning heimila og fyrirtækja sem gerði Ísland berskjaldaðra en ella gagnvart efnahagsáfallum.

Tafla 1 – Samanburður á hagvísum á fyrri helmingi árána 2007 og 2017

Hagvísir	2007	2017
Atvinnuleysi	2,6%	3,2%
Verðbólga	5,7%	1,8%
Verðhækkun fjölbýlis undangengin fimm ár	101%	72%
Verðhækkun sérþýlis undangengin fimm ár	131%	46%
Hagvöxtur á fyrri helmingi ársins	7,6%	4,3%
Skuldir heimila	101%	52,9%
Skuldir fyrirtækja	108%	75,4%
Breyting á skuldahlutfalli heimila undanfarin fimm ár	39%	-41%
Breyting í skuldahlutfalli fyrirtækja undanfarin fimm ár	25%	-30%
Gengi evru	87,6	117,2
Hlutfall erlendra ríkisborgara á vinnumarkaði	8,6%	11,7%
Hlutfall erlendra ríkisborgara í VR	3,3%	7,1%
Hækkun kaupmáttarvísitölu VR undanfarið ár	8,7%	2,2%
Fjöldi byggingakrana	83	70


Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Vinnueftirlitið, Þjóðskrá Íslands, Vinnumálastofnun og VR

4. Félagsmenn með erlent ríkisfang

Félagsmenn VR með erlent ríkisfang voru 7,1% allra félagsmanna á fyrri hluta árs 2017 eða 2.938 talsins. Á fyrri hluta árs 1990 voru erlendir félagsmenn 137 eða 0,9% félagsmanna og náðu 1% markinu ekki fyrr en aldamótaárið 2000. Hlutfall erlendra félagsmanna var 4,5% árið 2008, þeim fækkaði eilítið á hrunárunum en hefur fjölgað jafnt og þétt síðan. Nær annar hver erlendir félagsmaður í VR er á aldrinum 25 – 34 ára. Þessi aldurshópur hefur verið fjölmennastur í hópi erlendra félagsmanna og hefur jafnt og þétt aukið hlutdeild sína, hann var um þriðjungur árið 1990. Fæstir eru í elsta hópnunum, 55 ára eða eldri, eða um 4% á fyrri hluta þessa árs.


Til samanburðar voru erlendir starfsmenn á íslenskum vinnumarkaði í heild 11,7% á fyrri hluta þessa árs, samkvæmt áætlun Vinnuálastofnunar, og hefur fjölgað mikið á undanförunum árum. Árið 2000 voru þeir um 3,6% starfsmanna á vinnumarkaði að meðaltali en um 10% árið 2008.

Mynd 3 – Hlutfall félagsmanna VR með erlendan ríkisborgararétt




Mælaborð Efnahagsyfirlits VR


Kaupmáttarvísitala VR
Meðallaun félagsmanna VR eftir skatt leiðrétt fyrir verðbólgu




Kaupmáttarvísitala Hagstofu Íslands
Vísitalan sýnir tímakaup dagvinnu leiðrétt fyrir verðbólgu




Verðbólga með og án húsnæðis
Gráa svæðið sýnir efri og neðri mörk verðbólguarmiðs Seðlabanka Íslands




Atvinnuleysi meðal félagsmanna VR og samkvæmt Vinnumálastofnun



Væntingavísitala Gallup
Gildi yfir 100 þýðir að fleiri séu bjartsýnir en svartsýnir á stöðu efnahagsmála




Vinnuskipti félagsmanna VR
Myndin sýnir hlutfall félagsmanna sem skipta um vinnu í hverjum mánuði. Ekki er hægt að taka tillit til þeirra sem skipta um vinnu og byrja að greiða í annað stéttarfélag.




Mælaborð Efnahagsfirlits VR

Raunverð húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu
Verð á húsnæði á höfuðborgarsvæðinu leiðrétt með
vísitölu neysluverðs án húsnæðis




Heimild: Þjóðskrá Íslands, Hagstofa Íslands og útreikningar VR

Verð íbúðarhúsnæðis og leiguverð
Vísitölurnar hafa ekki verið leiðréttar fyrir þróun verðlags.
Ath. Leiguverð á aðeins við um þinglýsta leigusamninga




Heimild: Þjóðskrá Íslands og útreikningar VR

Uppsafnaður fjöldi erlendra ferðamanna
Hver punktur táknar heildarfjölda ferðamanna það sem af er
ári




Útlán til heimila og fyrirtækja
Myndin sýnir útlán sem hlutfall af landsframleiðslu. Ekki er
tekið tillit til útgefinna markaðsskuldabréfa¹




Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands og útreikningar VR

Veltuvísitölur smásöluverzlunar
Vísitölurnar byrja í 100 í janúar 2013



Heimild: Rannsóknarsetur Verslunarinnar

Gengi nokkurra gjaldmiðla og gengisvísitalan
Vísitölurnar sýna hvað ein eining af viðkomandi gjaldmiðli
kostar



Heimild: Seðlabanki Íslands

¹ Gögnin eru skuld við lífeyrissjóði, útlán innlánsstofnana og útlán ýmissa lánaþyrirtækja (þ.m.t. Íbúðalánasjóður)